

Aðgerðir gegn brotthvarfi í framhaldsskólum

Lokaskýrsla




MENNTAMÁLASTOFNUN

25. maí 2020
MENNTAMÁLASTOFNUN
Þóra Þórðardóttir

Innihald

1	Inngangur	3
2	Skimunarpróf.....	3
	2.1 Framkvæmd skimunarprófs.....	3
	2.2 Mat og reynsla af skimunarprófi	4
3	Skráning á ástæðum brotthvarfs	5
	3.1 Ástæður brotthvarfs – flokkar	5
4	Styrkir til aðgerða gegn brotthvarfi	7
	4.1 Aðgerðir.....	8
5	Brotthvarf	10
	5.1 Skilgreiningar á brotthvarfi.....	10
	5.2 Brautskráningar og árgangsbrotthvarf.....	11
6	Samantekt og niðurstöður.....	14
	Viðauki A – Spurningalisti – Skimunarpróf nýnema framhaldsskóla	15

1 Inngangur

Haustið 2015 var ýtt úr vör verkefni sem miðaði að því að draga úr brotthvarfi nemenda úr framhaldsskólum. Verkefninu var ætlað að styðja við markmið *Hvítbókar um umbætur í menntun* frá árinu 2014 um að hlutfall nemenda sem ljúka námi á tilsettum tíma hækki og verði komið í 60% árið 2018. Í framhaldi af því var Menntamálastofnun, með erindisbréfi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, falið að hafa umsjón með verkefninu *Aðgerðir gegn brotthvarfi í framhaldsskólum*. Um var að ræða ýmsar aðgerðir til þriggja ára eða frá 2016–2018 sem ætlaðar voru til að auðvelda framhaldsskólum að styðja við nemendur í brotthvarfsáhættu.

Hlutverk Menntamálastofnunar fól í sér að hafa umsjón með fyrirlögn skimunarprófa fyrir nýnema allra framhaldsskóla landsins á árunum 2016-2018. Prófunum var ætlað að greina þá áhættuþætti sem leitt gætu til brotthvarfs nemenda og auðvelda skólunum þannig að grípa til aðgerða til að lágmarka slíkt. Menntamálastofnun var auk þess falið að hafa umsjón með styrkveitingum til skóla vegna aðgerða til að draga úr brotthvarfi. Aðgerðum skóla var ætlað að taka mið af niðurstöðum skimunar. Einnig var stofnuninni falið að annast upplýsingagjöf vegna verkefnisins. Til viðbótar óskaði Menntamálastofnun eftir því að skólar hefðu samband við þá nemendur sem hætta námi, á hverri önn, áður en til lokaprófa kemur til að kalla eftir ástæðum brotthvarfs. Þessi skýrsla er samantekt á helstu verkþáttum sem Menntamálastofnun var falið í þessu þriggja ára verkefnisins.

2 Skimunarpróf

Skimunarprófið „Námsumhverfi framhaldsskólanema“ er hannað af Kristjönu Stellu Blöndal fyrir námsráðgjafa í framhaldsskólum. Markmið skimunarprófsins er að afla gagna sem auðvelda skólum að finna framhaldsskólanemendur sem eru í áhættu á slöku gengi í námi og brotthvarfi frá skóla. Gögnin eiga að nýtast skólum til að meta hvers konar stuðningur er vænlegur fyrir ólíka nemendur og hvaða aðgerðir væru viðeigandi og líklegar til árangurs til að stemma stigu við hugsanlegu brotthvarfi. Prófið metur meðal annars þætti sem snúa að skuldbindingu nemenda til skólans og námsins. Einnig atriði sem varða fyrri skólagöngu og samskipti við forráðamenn og þátttöku þeirra í skólagöngu nemenda. Að auki er á prófinu spurt um atriði er varða bakgrunn nemenda, líðan og fleira. Niðurstöður skimunarprófsins gefa skólum upplýsingar um samsetningu nýnemahópsins auk upplýsinga um styrkleika og veikleika hvers nemanda og námsumhverfis hans.

2.1 Framkvæmd skimunarprófs

Skimunarpróf var lagt fyrir yfir 90% nýnema að hausti í öllum framhaldsskólum árin 2015, 2016 og 2017. Við framkvæmd prófsins var skólum gert að leita eftir upplýstu samþykki forráðamanna þar sem flestir nýnema í framhaldsskóla koma beint úr grunnskóla og eru undir 18 ára aldri. Prófið var lagt fyrir á skólatíma í umsjón náms- og starfsráðgjafa hvers skóla. Í kjölfar hvernar fyrirlagnar fengu skólarnir og námsráðgjafar þeirra aðgang að niðurstöðum prófsins sem sýndi annars vegar hver staða þeirra var miðað við aðra framhaldsskóla og hins vegar


niðurstöður hvers nemanda. Nemendur sem greindust í mestri brotthvarfshættu voru í kjölfarið boðaðir í viðtal til náms- og starfsráðgjafa skólanna þar sem unnið var á persónulegum grundvelli með hverjum og einum.

2.2 Mat og reynsla af skimunarprófi

Til að afla gagna um reynslu af notkun skimunarprófsins óskaði Menntamálastofnun eftir þátttöku náms- og starfsráðgjafa framhaldsskólanna í rafrænni könnun. Spurningalisti var sendur til allra skólameistara í lok nóvember 2018, svör bárust frá 27 skólum. Nánast allir svarendur hafa stöðu náms- og starfsráðgjafa eða gegna því hlutverki nema einn sem er aðstoðarskólameistari.

Spurningalistinn í heild sinni er að finna í viðauka. Helstu niðurstöður verða dregnar saman hér. Í spurningum sem snúa að prófinu sjálfu telur mikill meirihluti svarenda að auðvelt sé að leggja prófið fyrir og skilja niðurstöður þess. Um 33% telja tímafrekt að leggja prófið fyrir en 63% eru ekki sammála því. Hvað varðar gagnsemi prófsins eru 81% sem telja skimunarprófið auðvelda námsráðgjöfum að finna hvers konar stuðning hver og einn nemandi þarf. Einnig telja 78% að skimunarprófið ýti undir að náms- og starfsráðgjafar líti heildstætt á nemandann og umhverfi hans. Um 60% telja svör nemenda einnig nýtast í viðtölum við nemendur sem ekki eru í brotthvarfshættu. Þannig getur skimunarprófið mögulega nýst almennt í skólanum og jafnvel stuðlað að betri þjónustu og almennri vellíðan nemenda. Fram kemur að 81% segja stjórnendur skólans telja skimunarprófið gagnlegt og 78% svarenda telja mikilvægt að prófið verði áfram lagt fyrir nýnema.

Sjá má á mynd hér að neðan að 81% eru sammála því að skimunarprófið beri kennsl á nemendur í brotthvarfshættu.



Mynd 1.

Niðurstöður könnunarinnar eru að almennt hafa þeir aðilar sem komið hafa að skimunarprófum innan skólanna verið ánægðir og telja að skimun og aðgerðir snemma á skólaferli nemenda geti minnkað líkur á brotthvarfi.

3. Skráning á ástæðum brotthvarfs

Menntamálastofnun óskaði eftir því við framhaldsskóla að haldið væri utan um skráningu á ástæðum brotthvarfs nemenda sem hætta námi áður en til lokanámsmats kemur. Mismunandi ástæður geta legið að baki ákvörðun einstaklinga um að hverfa frá námi. Skráning skóla fól í sér að hafa samband við nemendur og halda utan um uppgefnar ástæður nemenda. Markmiðið var að upplýsingarnar nýttust skólum í aðgerðum til að minnka brotthvarf. Auk helstu ástæðu brotthvarfs var einnig haldið utan um aldur og kyn nemenda og hvort þeir hafi annað móðurmál en íslensku. Skráður var aldur nemenda og gerð grein fyrir fæðingarári þeirra sem eru yngri en 20 ára, nemendur eldri en 20 ára voru flokkaðir saman sem eldri nemendur.

Upplýsingar frá skólunum hafa verið teknar saman og eru birtar með ákveðnum fyrirvörum. Til að mynda er ekki hægt að draga ályktanir um hvort brotthvarf hefur aukist eða minnkað og getur munur á milli ára m.a. legið í mismun á skráningu, hve vel gekk að fá svör frá nemendum og fleiru. Þannig að gögnin eru ekki notuð til samanburðar á milli ára. Hætta er á að slíkt gæfi skakka mynd af raunveruleikanum þar sem heiti og merking ástæðna fyrir brotthvarfi var ekki stöðluð. Hér er ekki um að ræða eiginlegt brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum, skráningin tekur aðeins til uppgefina ástæðna meðal nemenda sem hætta námi áður en til námsmats kemur í lok annar. Þá ber að hafa í huga að þrátt fyrir að ein meginástæða sé gefin upp þá geta undirliggjandi ástæður verið flóknari og tengst öðrum ástæðum á ýmsan hátt.

3.1 Ástæður brotthvarfs – flokkar

Skráning á ástæðum brotthvarfs er flokkuð í fimm flokka: ytri ástæður, skólatengdar ástæður, námstengdar ástæður, persónulegar ástæður og annað. Ytri ástæður eru að nemendur vildu fara að vinna, fluttu eða báru við fjárhagslegum ástæðum þ.e. fátækt. Svör sem falla í flokk skólans eru, vísað úr skóla vegna brots á skóla- eða mætingarreglum, einelti eða samskiptaerfiðleikar við starfsfólk. Námstengdar ástæður eru að námið hafi verið of erfitt, þeim fannst námið tilgangslaust eða höfðu ekki áhuga á því. Persónulegar ástæður geta verið líkamleg eða andleg veikindi, veikindi barna eða neysla. Ástæður nemenda sem flokkast undir annað eru af marvíslegum toga s.s. barneignir, álag í vinnu, fjölskyldutengdar ástæður auk þeirra sem ekki næst í og hluti nemenda gefur ekki upp ástæðu.

Gera þarf greinarmun á þeim ástæðum brotthvarfs sem eru á færi skóla að bregðast við og þeim sem skólinn hefur ekki áhrif á eða þarfnast ef til vill ekki inngrips. Þannig má gera ráð fyrir að fjárhagsaðstæður, veikindi barna og líkamleg veikindi séu dæmi um ástæður þar sem skólar geta ekki gripið inn í með beinum hætti, þótt um sé að ræða gildar ástæður fyrir brotthvarfi. Þá má áætla að ástæður eins og flutningar og flutningur í annan skóla séu þættir sem ekki þarfnist sérstaks inngrips, a.m.k. ekki án þess að frekari upplýsingar liggi að baki ástæðunni. Hins vegar má telja að a.m.k. einhverjar af þeim ástæðum fyrir brotthvarfi þarfnist inngrips sem skólar geti komið að¹. Má þar nefna andleg veikindi, brottvísun úr skóla og að nemandi upplifi áhugalessi eða tilgangsleysi í námi.

1 Hér er ekki lagt til að skólar leysi mál nemenda sinna upp á eigin spýtur, heldur geti þeir veitt aðstoð sem stuðlað getur að lausn.

3.2 Ástæður brotthvarfs – aldur – kyn – uppruni

Hér eru teknir saman nokkrir punktar úr samantekt upplýsinga fyrir þrjú ár, 2016, 2017 og 2018 um ástæður brotthvarfs, kynjamun og aldursamsetningu nemendahópsins. Um það bil 40% þessara nemenda eru eldri en 20 ára og þeir gefa oftast upp þá ástæðu að þeir vilji fara að vinna heldur en yngri nemendur. Eldri nemendur eru einnig fjölmennastir þegar skýring brotthvarfs er að þeim hafi verið vikið úr skóla. Undir flokknum persónulegar ástæður er algengasta skýring nemenda á brotthvarfi sínu úr námi andleg veikindi. Nokkur kynjamunur er á ástæðum sem nemendur gefa upp. Karlar eru í meirihluta þeirra sem segjast hafa hætt í skólanum þar sem þeir vildu fara að vinna, sama á við þegar nemanda hefur verið vísað úr skóla einnig finnst körlum oftast námið tilgangslaust. Konur gefa hins vegar oftast upp að líkamleg eða andleg veikindi sé ástæða þess að þær hætta í námi áður en önninni er lokið. Algengasta svar nemenda með annað móðurmál en íslensku þegar þeir eru spurðir af hverju þeir hafi hætt í námi er að þeir vilja fara að vinna. Í töflu hér að neðan má sjá hvernig svör nemenda raðast hlutfallslega í flokkana fimm á þessum þremur árum.

Tafla 1.

Ástæður brotthvarfs	2016	2017	2018
1. Ytri ástæður	15%	17%	19%
1.1 Vildi fara að vinna	12%	13%	14%
1.2 Fjárhagsástæður/fátækt	1%	2%	1%
1.3 Flutningar	2%	2%	4%
2. Skólinn	11%	29%	12%
2.1 Vísað úr skóla vegna brots á mætingarreglum	11%	28%	12%
2.2 Einelti	0%	0%	0%
2.3 Samskiptaerfiðleikar við starfsfólk skóla	0%	0%	0%
3. Námið	11%	16%	13%
3.1 Fannst námið tilgangslaust/áhugaleysi	10%	13%	9%
3.2 Nám of erfitt	2%	3%	3%
4. Persónulegar ástæður	32%	24%	27%
4.1 Veikindi barna	1%	0%	1%
4.2 Líkamleg veikindi	5%	4%	4%
4.3 Neysla/meðferð	2%	1%	2%
4.4 Andleg veikindi	25%	19%	21%
5. Annað	31%	15%	30%
5.1 Annað, ýmis önnur svör	20%	9%	19%
5.2 Ekki náðist í viðkomandi	11%	6%	12%

Eins og kom fram hér að ofan voru ástæðurnar sem gefnar voru upp í spurningalistunum ekki staðlaðar og engar frekari skýringar voru gefnar á hvað þær stæðu fyrir þannig að nánari ástæður sem lágu að baki ákvörðun nemenda liggja ekki fyrir. Árið 2017 eru fleiri sem svara að þeim hafi verið vikið úr skóla en árin 2016 og 2018. Þessi munur getur legið í mismunandi skráningu en þetta sama ár eru mun fleiri skráningar sem falla undir flokkinn annað. Þó ekki sé hægt að fullyrða nokkuð út frá þessum upplýsingum voru þær gagnlegar fyrir skólana þegar þeir bregðast við auknu brotthvarfi. Einnig má telja að niðurstöður gefi vísbendingar sem vert er að gefa gaum þegar hugað er að aðgerðum sem eiga að minnka brotthvarf.

4. Styrkir til aðgerða gegn brotthvarfi

Menntamálastofnun hafði umsjón með styrkveitingum til framhaldsskóla til aðgerða sem miða að því að draga úr brotthvarfi. Verkefnum sem skólarnir sóttu styrk fyrir var ætlað að nýtast nemendum í brotthvarfshættu með beinum hætti. Aðgerðum var ætlað að vera í samræmi við niðurstöður skimunarprófs fyrir nýnema og skráningu á ástæðum brotthvarfs úr skólanum. Styrkjum var úthlutað þrisvar og umsóknum skóla um styrki var skilað til Menntamálastofnunar. Með umsóknum fylgdi áætlun um aðgerðir þar sem fram kom lýsing á verkefni, kostnaðaráætlun og mælingar á árangri. Menntamálastofnun sá um að vinna úr styrkumsóknum og gera tillögur til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úthlutanir öll þrjú árin. Framhaldsskólar sem taka á hverju ári við stórum hópi nemenda sem ekki uppfylla hæfniviðmið sem sett eru við lok grunnskóla og þurfa mikinn stuðning í námi fengu hæstu styrkina. Fjöldi nemenda í þessum skólum mælast í töluverðri brotthvarfshættu og hverfur frá námi eða fellur á önn. Í skimunarprófi eru það nemendur með slakan námsárangur úr grunnskóla og námserfiðleika sem koma verst út. Liður í að fylgjast með framvindu og árangri verkefnisins voru skýrslur framhaldsskóla til Menntamálastofnunar þar sem gerð var grein fyrir því hvernig styrkurinn var nýttur og mat framhaldsskóla á árangri aðgerða. Í einhverjum tilfellum sóttu skólar aukastyrk í aðra sjóði eða gátu notað fjármagn skólans til að fylgja verkefnum eftir. Í töflunni hér að neðan má sjá heildarstyrkupp hæð sem veitt var í aðgerðir, fjölda skóla sem fengu styrk og fjárhæð sem var veitt hvert ár.

Tafla 2.

Ár	Fjöldi skóla	Styrkur
2017	23	63.310.330 kr.
2018	17	57.897.930 kr.
2019	21	38.800.000 kr.
Styrkir alls:		160.008.260 kr.

Öll þrjú árin sóttu skólarnir um mun hærri upphæðir en til úthlutunar voru og skólarnir þurftu að aðlaga og breyta fyrirhuguðum verkefnum að þeirri styrkupp hæð sem þeir fengu. Hæsti styrkur sem skóli fékk var fimm milljónir og lægsti styrkur var 300 þúsund.

4.1 Aðgerðir

Í samantekt hér fyrir neðan eru teknar gróflega saman helstu aðgerðir eða verkefni sem skólarnir fóru í. Hvaða áskorun eða vanda þeir vildu vinna með hjá nemendum sem voru í brott-hvarfshættu. Skólarnir voru beðnir um að meta árangur af þeim verkefnum sem sett voru af stað. Hjá mörgum skólum kemur fram að þeir telja aðgerðirnar hafa áhrif í samræmi við markmið viðkomandi verkefna þó erfitt geti verið að setja fram mælanlegan árangur. Styrkupp hæðir voru oftast brot af þeim kostnaði sem skólarnir gerðu ráð fyrir að verkefnið kostaði. Með því að aðlaga verkefni og setja aukið fjármagn inn í það sjálfir náðu skólarnir að nýta tækifærið til aðgerða gegn brott-hvarfi. Flest verkefni fléttast inn í skólastarfið en standa ekki ein og sér.

Tafla 3.

Áskorun – vandi	Dæmi um aðgerðir – verkefni	Árangur
Andleg vanlíðan, kvíði og þunglyndi.	Sálfræðiþjónusta – ýmis fræðsluverkefni og námskeið sem snúa að því að styðja við nemendur að ná þroska og betri tókum á tilveru sinni.	Betri líðan og bætt sjálfsmynd – aukin færni nemenda í sjálfstæðum vinnubrögðum og betri námsárangur.
Námserfiðleikar, slakt námsgengi, lítil skuldbinding við nám, léleg skólasókn og áhugaleysi.	Námsver – stoðtímar – heimanámsaðstoð. Aukið umsjónarkerfi – verkefnastjórar mætingar – námskeið fyrir foreldra og kennara – námskeið í jákvæðri hugsun – aukinn stuðningur við nemendur af erlendum uppruna. Áfangar til að styðja við nemendur með slaka mætingu í skólann, efla heilbrigðan lífstíl, vinna með hreyfinu, mataræði, tíma-stjórnun, markmiðasetningu og námstækni.	Bætt og aukin þjónusta við nemendur í brott-hvarfshættu. Aukin ábyrgð á eigin námi, bætt verkefnaskil, betri líðan og meiri trú á eigin getu.
Nýnemar með slakan námsárangur úr grunnskóla.	Efla umsjónarkerfið og tengsl við foreldra – samstarf við grunnskóla áður en árgangur hefur skólagöngu í framhaldsskóla, stoðþjónustuteymi sem undirbýr komu nema sem þurfa aðstoð. Vinna með nemendum varðandi námstækni, markmiðasetningu og heimanám.	Betra samtal milli skólastiga og við forráðamenn og betri samfella milli skólastiga. Góð áhrif á líðan nemenda innan og utan skólans.
Skólabragur – tengslamyndun og félagsfærni.	Samvinna þar sem nemendum gefst tækifæri til að setja fram gildi skóla og móta skólasamfélagið – efla viðburði innan skóla og virkja nemendur til að taka þátt í að styrkja skólabrag. Ýmis námskeið í vináttutengslum – hópefli með viðburðum og ferðalögum. Vera með tómsunda- og félagsfræðing til að efla félagslíf og skapa liðsheild við skólann.	Áhugasamari um skólann, aukin þátttaka á samfélagsmiðlum skólans. Metnaður og áhugi á skólastarfi hefur aukist. Aukin þátttaka í félagslífi – betri líðan.

Dæmi um verkefni sem hefur skilað góðum árangri í að minnka brotthvarf eru aðgerðir Fjölbrotaskólans í Breiðholti. Skólinn vann gegn brotthvarfi nemenda með samhæfðum aðgerðum í formi námsstuðnings, öflugs utanumhalds nýnema, sálfræðiþjónustu, markþjálfunar, almennrar geðræktar og núvitundarþjálfunar. Brotthvarf nemenda úr skólanum fór úr 305 nemendum á vorönn 2018 í 165 nemendur 2019. Þessar tölur eru vísbending um að vel hafi tekist til þó ekki sé hægt að fullyrða að árangurinn sé að öllu leyti þessu að þakka, þar koma ýmsir aðrir þættir inn sem geta spilað inn í.

Algengustu aðgerðirnar sem skólar fóru í snúa að andlegri líðan nemenda og samræmist það niðurstöðum þegar nemendur eru spurðir um ástæðu brotthvarfs. Þá er andleg vanlíðan algengasta ástæða þess að nemendur hætta í námi. Aukin sálfræðiþjónusta og ýmis fræðsla og námskeið sem miða að því að bæta andlega líðan nemenda voru verkefni margra skóla. Aukið aðhald minnkar líkur á brotthvarfi og umsjónarkerfi með nemendum var eflt í mörgum skólum. Einnig voru margir skólar sem nýttu styrkinn til að gera breytingar og þróa stoðþjónustu við nemendur sem eru líklegir til að falla úr námi.

Í skýrslum frá skólunum kom fram að flestir stefna þeir á að vinna áfram með verkefni og aðgerðir í tengslum við brotthvarf, læra af reynslunni og nýta það sem vel tókst til með. Aðgerðirnar og niðurstöður þeirra koma til með að þróast áfram innan skólanna og nýtast í áframhaldandi vinnu við að minnka brotthvarf. Nefnt var að styrkurinn og brotthvarfsátakið allt hafi verið góður hvati til skólanna til að setja af stað skipulagt starf gegn brotthvarfi.

5. Brotthvarf

Brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum á Íslandi hefur lengi verið áhyggjuefni og sker Ísland sig úr þegar gerður er samanburður á brotthvarfi nemenda á Norðurlöndum. Ekki stendur til að gera brotthvarfi almennt eða ýtarlega skil í þessari skýrslu heldur verður áhersla lögð á að skoða tölur Hagstofunnar sem liggja fyrir um tímabilið sem verkefnin sem um er rætt að ofan voru í gangi. Liður í að meta árangur verkefnisins er að skoða hvernig brotthvarf hefur þróast á tímabilinu. Reynt verður að meta þann árangur sem vænst var þegar aðgerðum gegn brotthvarfi var ýtt úr vör 2015.

5.1 Skilgreiningar á brotthvarfi

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur sett fram skýringar á þremur flokkum eða mælingum brotthvarfs, árlegt brotthvarf, snemmbært brotthvarf og árlegt brotthvarf úr framhaldsskóla.

Tafla 4.


Heiti	Skilgreining
Árgangsbrotthvarf <i>Á ensku: cohort rate.</i>	Mælir námsframvindu innritunarárgangs eftir ákveðið tímabil t.d. 4, 6 og 7 ár eftir fyrstu innritun í framhaldsskóla. Það er hversu stór hluti hefur horfið frá námi (er ekki í námi og ekki útskrifaður), er enn í námi og útskrifaður. Til útskrifaðra teljast þeir sem hafa verið brautskráðir úr námi á framhaldsskólastigi sem er a.m.k. 2 ár að lengd (ISCED 3). <i>Birt af OECD/Hagstofu Íslands</i>
Snemmbært brotthvarf <i>Á ensku: status rate, early school leavers, early leavers from education and training.</i>	Hlutfall mannfjöldans á aldrinum 18-24 ára sem hefur ekki lokið prófi á framhaldsskólastigi sem er a.m.k. 2 ár að lengd (er með grunnmenntun eða lægri menntun, ISCED 0, 1, eða 2) og er ekki skráð í nám eða starfsþjálfun (e. education or training). <i>Birt af Eurostat/Eurydice</i>
Árlegt brotthvarf úr framhaldsskóla <i>Á ensku: event rate, annual rate, incidence rate.</i>	Brotthvarf úr framhaldsskóla á skólaári: Fjöldi nemenda í aðalskóla sem hættir í þeim skóla án þess að útskrifast og fór ekki í annan skóla /Heildarfjöldi nemenda í aðalskóla 5 vikum eftir skólabyrjun. <i>Ný mæling</i>

Til að gera grein fyrir þróun brotthvarfs verður byggt á árgangsbrotthvarfi fjórum árum eftir innritun og upplýsingarnar eru fengnar af vef Hagstofunnar (hagstofan.is).

5.2 Brautskráningar og árgangsbrotthvarf


Hér verða nemendur sem innrituðust í framhaldsskóla árin 2011–2014 og námsframvinda þeirra að fjórum árum liðnum skoðuð. Brautskráðir úr námi á framhaldsskólastigi teljast nemendur sem hafa lokið námi sem er a.m.k. 2 ár að lengd (ISCED 3). Í töflu hér að neðan má sjá að hlutfall þeirra sem ljúka námi fjórum árum eftir innritun hefur aukist, fer úr 50,9% árið 2015 og er komið í 55,6% 2018.

Þegar skoðaðar eru tölur brautskráðra eftir því hvort nemendur eru að ljúka bóknámi eða starfsnámi þá er niðurstaðan sambærileg, hlutfall nemenda sem hefur lokið námi fjórum árum eftir innritun er að aukast hvort sem um er að ræða bóknám eða starfsnám.




Mynd 2. Heimild: Hagstofa Íslands

Þegar skoðaðar eru tölur brautskráðra eftir því hvort nemendur eru að ljúka bóknámi eða starfsnámi þá er niðurstaðan sambærileg, hlutfall nemenda sem hefur lokið námi fjórum árum eftir innritun er að aukast hvort sem um er að ræða bóknám eða starfsnám



Mynd 3. Heimild: Hagstofa Íslands


Stígandi eins og sjá má á fyrri myndunum tveimur, er ekki til staðar þegar skoðað er hlutfall brautskráðra flokkað eftir því hvort þeir hafa einhvern erlendan bakgrunn. Sjá má á mynd 4 að þar eru meiri sveiflur milli ára á hlutfalli brautskráðra. Á myndinni má sjá að hlutfall brautskráðra nemenda sem flokkast sem önnur kynslóð innflytjenda minnkar árið 2018 frá því sem það var 2016 og 2017.



Mynd 4. Heimild: Hagstofa Íslands

Ekki verður skoðað nánar hér hvað býr að baki en mikilvægt er fyrir skólana að huga vel að þessum nemendahópi innan framhaldsskólanna.

Hér fyrir neðan á mynd 5 eru brautskráningar flokkaðar í höfuðborgarsvæði og svæði utan höfuðborgarinnar. Þar má sjá að á þessum fjórum árum frá 2015-2018 hækkar hlutfall nemenda á höfuðborgarsvæðinu mun meira en nemenda sem brautskráðir eru frá skólum utan höfuðborgarsvæðisins.



Mynd 5.

Í gögnunum hér að ofan er byggt á tölum sem segja hve stórt hlutfall nemenda hefur brautskráðst fjórum árum eftir innritun í framhaldsskóla. Á síðustu árum hafa verið gerðar breytingar á framhaldsskólum í tengslum við innleiðingu aðalnámskrár frá 2011. Allt nám framhaldsskóla

byggir á hæfniramma um íslenska menntun, skólar setja sjálfir fram til staðfestingar námsbrautalýsingar og þær byggja á nýju einingamati. Stærsta breytingin er stytting á skipulögðum námstíma til stúdentsprófs úr fjögurra ára námi í þriggja ára nám. Styttingin var ekki innleidd í alla framhaldsskóla samtímis og erfitt getur verið að túlka og bera saman tölur milli ára á þessu tímabili sem um ræðir. Árið 2018 voru flestir skólar komnir með þriggja ára stúdentsbrautir og útskrifuðust tveir árgangar úr flestum skólum, annars vegar nemendur sem luku stúdentsprófi á fjórum árum og hins vegar þeir sem luku því á þremur árum.

6. Samantekt og niðurstöður

Yfirskrift verkefnanna sem lýst hefur verið í þessari skýrslu er *Aðgerðir gegn brotthvarfi í framhaldsskólum*. Þau voru öll sett af stað til að styðja við markmið Hvítbókar frá 2014 um umbætur í menntun. Stefnt var á að hækka hlutfall nemenda sem útskrifast á tilskyldum tíma í 60% árið 2018. Eins og fram hefur komið eru 55,6% nemenda sem ná þessu marki þegar allar brautskráningar fyrir allt landið eru teknar saman.

Formlega er verkefninu *Aðgerðir gegn brotthvarfi í framhaldsskólum* lokið. Aðgerðirnar sem ráðist var í voru fjölbreyttar og snúa að skimun hjá nýnemum, upplýsingaöflun varðandi ástæður þess að nemendur hverfa frá námi auk styrkja til skólanna til að bregðast við þeim upplýsingum sem safnað var. Eins og fram hefur komið var hugmyndin að styðja við skólana þannig að þeir væru betur í stakk búnir til að bregðast í auknum mæli við brotthvarfi nemenda. Hjá skólunum liggja nú margvíslegar upplýsingar um þeirra nemendahópa og þeir hafa að öllum líkindum fleiri verkfæri til að bjóða upp á margvíslegan stuðning við nemendur. Áhrif aðgerða sem skólarnir hafa ráðist í og hér hafa verið kynntar halda að öllum líkindum áfram að koma fram. Mikilvægt er fyrir stjórnvöld að fylgjast með hvernig brotthvarf og brautskráning þróast á næstu misserum.

Viðauki A – Spurningalisti – Skimunarpróf nýnema framhaldsskóla

Q1. Ég er:

- A) Náms- og starfsráðgjafi B) Annað, hvað?

Q2. Hversu margir nemendur eru í dagskóla í þínum skóla?

- A) Færri en 250 B) 251–500 C) 501 eða fleiri

Q3. Hversu margir nýnemar (á fyrsta námsári) hófu nám á þessu hausti?

- A) Færri en 50 B) 51–200 C) 201 eða fleiri

Q4. Hversu hátt hlutfall nemenda í þínum skóla hættir að jafnaði í námi á önninni áður en til lokanámsmats kemur og eru ekki að útskrifast?

- A) Innan við 5% B) Á bilinu 6–10% C) Á bilinu 11–20% D) Meira en 20%

Q5. Hversu hátt hlutfall nýnema tók skimunarprófið í síðustu fyrirlögn?

Q6. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

Svarmöguleikar:

- A) Mjög ósammála B) Frekar ósammála C) Hvorki né

- D) Frekar sammála E) Mjög sammála

Q6.1. Brotthvarf nemenda er almennt talið alvarlegt vandamál í mínum skóla

Q6.2 Skimunarprófið ber kennsl á nemendur í brotthvarfshættu

Q6.3 Skimunarprófið er gagnlegt til að skilgreina vandamál nemenda

Q6.4 Með skimunarprófinu er auðveldara að finna hvers konar stuðning hver og einn nemandi þarf

Q6.5 Svör nemenda úr skimunarprófinu nýtast einnig í viðtölum við nemendur sem ekki eru í brotthvarfshættu

Q6.6 Skimunarprófið ýtir undir að náms- og starfsráðgjafar líti heildstætt á nemandann og umhverfi hans

Q6.7 Mér finnst auðvelt að skilja niðurstöður skimunarprófsins

Q6.8 Það er auðvelt að leggja skimunarprófið fyrir

Q6.9 Margir nemendur voru með spurningar og/eða athugasemdir meðan á fyrirlögn stóð.

Q6.10 Stjórnendur skólans telja skimunarprófið gagnlegt

Q6.11 Það er tímafrekt að leggja skimunarprófið fyrir nýnema

Q6.12 Það er mikilvægt að skimunarprófið verði áfram lagt fyrir nýnema

Q6.13 Það myndi henta mínum skóla best að fyrirlögn skimunarprófs væri valkvæð en ekki skylda